

Rauðrunnate í ró og spekt

BÆKUR

Félagsskapur kátra kvenna

eftir Alexander McCall Smith. Helga Soffía Einarsdóttir þýddi. Mál og menning, 2006.

Það er hæpið að kalla þær sjö bækur sem nú eru út komnar um Kvenspæjarastofuna eftir Alexander McCall Smith venjulegar glæpa-/spennusögur eins og virðist við fyrstu sýn. Þær eru ekki dæmigerðar formúlusögur með ofbeldi, morði eða stórglæp, tæknilegri rannsókn og spennandi eltingarleik heldur segir sagan frá tveimur konum sem fást við að leysa ráðgátur sem oftast en ekki eru hversdagslegar og leysast jafnvel af sjálfu sér. En það sem einkennir Kvenspæjarastofubækurnar eru litríkar persónulýsingar, skemmtileg samfélagsgreining og kynni af sérstæðum menningarheimi Afríku. Bækurnar um Fandorín eftir Boris Akúnín sem gerast í Rússlandi á seinni hluta nítjándu aldar eru á svipuðum nótum að mörgu leyti. Bækur af þessu kalíberi gerast í framandi umhverfi eða tíma, hafa á sér ævintýralegan blæ og hafa öðlast miklar vinsældir lesenda á síðustu árum. Þær slá á aðra strengi en glæpasögur sem taka á nútímasamfélagsvanda í anda norrænnar sakamálabókmenntahefðar og fjalla um innflytjendur í blokk í Breiðholti, morð á Kárahnjúkum, eiturlyf eða fjármálamisferli. Það er ekki þar með sagt að þessar ævintýraglæpaspennusögur forðist að taka á vandamálum eða flýi raunveruleikann, þær snúast einmitt um mannúð, samkennd og vandann að lifa í samfélagi við aðra.

Mikill húmor og hlýja einkenna bækurnar um Kvenspæjarastofuna. Það er ekki hægt annað en láta sér þykja vænt um Mma Ramotswe sem er „hefðbundin í vexti“ og strangheiðarleg, og samstarfskonu hennar, Mma Makutsi, sem nú hefur efni á að kaupa sér annað par af skóm og státar af frábærri vélritunarkunnáttu og hinn viðkunnanlega Hr. J.L.B. Matekoni, sem er nýbakaður eiginmaður Mma Ramotswe og stöndugur eigandi bílaverkstæðis. Í bókinni ber sitthvað til tíðinda, t.d. skellir Mma Makutsi sér í danskennslu með afdrifaríkum afleiðingum og góðkunningi Mma Ramotswe úr fortíðinni skýtur upp kolli og ógnar tilveru hennar. Hvíta sendiferðabílnum hennar er stolið og upp kemst um leynivínsölu í bænum. En þrátt fyrir ýmsar upphákomur heldur lífið heldur áfram sinn vanagang á sólbökuðum götum Gaborone í Botsvana og viðskiptin blómstra hjá Kvenspæjarastofunni.

Það jafnast næstum á við að svamla í Bláa lóninu eða fá gott nudd að glugga í bækurnar um Kvenspæjarastofu númer eitt. Hægur og friðsamur stíll, yfirveguð speki um gömul gildi og rólegur lífstaktur síast inn með rauðrunnateinu sem aðalpersónan, Mma Ramotswe, sötrar þegar hún þarf að hvíla sig á dularfullu málum. Virkilega notaleg lesning í skammdeginu.

Steinunn Inga Óttarsdóttir

<http://steinunninga.wordpress.com/>